

FUNDARGERÐ

BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

622. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 16. nóvember 2009 kl. 10:00 í fundarsal Ráðhúss.

Dagskrá:

1. Viðræður við fulltrúa Sóknarnefndar Hvammstangakirkju.
2. Viðræður við fulltrúa úr Landbúnaðarráði v/ beiðni um umsögn.
3. Fundargerð stjórnar SSNV frá 27. október sl.
4. Erindi Reykjavíkurborgar.
5. Bréf Umhverfisstofnunar.
6. Fundargerð 768. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.
7. Bréf SSNV v/ málefna fatlaðra.

Afgreiðslur:

1. Birgir Jónsson, Guðmundur Haukur Sigurðsson og Jóhannes Kári Bragason, fulltrúar Sóknarnefndar Hvammstangakirkju eru mættir til fundar með byggðarráði í framhaldi af erindi nefndarinnar sem lagt var fram á 618. fundi byggðarráðs. Fulltrúarnir kynntu byggðarráði óskir sínar um að könnuð verði nauðsyn þess að jarðvegsskipti fari fram innan hluta kirkjugarðs í Kirkjuhvammi. Aðilar eru sammála um að nefndin láti meta þá þörf og greini byggðarráði frá niðurstöðu sinni.
2. Sigtryggur Sigurvaldason og Þórarinn Óli Rafnsson fulltrúar landbúnaðarráðs eru mættir til fundarins. Farið var yfir umsögn landbúnaðarráðs til byggðarráðs vegna bréfs landbúnaðarráðuneytisins þar sem óskað var umsagnar um tiltekin atriði er vinnuhópur um endurskoðun jarða- og ábúðarlaga hefur til skoðunar. Byggðarráð felur sveitarstjóra að leggja drög að umsögn til ráðuneytisins og senda sveitarstjórnarmönnum til skoðunar í þessari viku.
3. Fram lögð til kynningar fundargerð stjórnar SSNV frá 27. október sl. Elín R. Líndal skýrði einstaka liði fundargerðarinnar.
4. Til kynningar lagt fram bréf Reykjavíkurborgar þar sem athygli sveitarstjórna er vakin á atvinnuáttaksverkefni borgarinnar sem unnið er í samvinnu við Vinnuáttastofnun, Húsafriðunarnefnd ríkisins o.fl. Verkefnið, sem sérstaklega er ætlað húsasmiðum og arkitektum, snýr að endurgerð gamalla húsa.
5. Fram lagt bréf Umhverfisstofnunar þar sem sveitarstjórnunum er kynnt að í frumvarpi til fjárlaga ársins 2010 sé ekki gert ráð fyrir neinum fjármunum til endurgreiðslu vegna refaveiða á uppgjörstímabilinu 1. september 2009 til 31. ágúst 2010. Byggðarráð mótmælir harðlega þessum áformum ríkisvaldsins og átelur þessa framkomu ríkisins gagnvart sveitarfélögunum.
6. Fundargerð 768. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga lögð fram til kynningar.
7. Fram lagt bréf SSNV þar sem kynntar eru leiðir til hagræðingar í rekstri málefna fatlaðra á starfssvæðinu v/ hagræðingarkröfu ríkisvaldsins á þjónustusamningi SSNV og ríkisins. Byggðarráð felur sveitarstjóra og félagsmálastjóra að leggja drög að tillögu um framkvæmd hagræðingaraðgerða og leggja fyrir byggðarráð. Byggðarráð samþykkir jafnframt að boða Jón Óskar Pétursson, framkvæmdastjóra SSNV og Grétu Sjöfn Guðmundsdóttur, verkefnisstjóra með málefnum fatlaðra hjá SSNV til fundar um stöðu málefna fatlaðra.

Samþykkt að taka á dagskrá:

8. Fram lagt aðalfundarboð Verslunarminjasafnsins/Bardúsu Fundurinn verður haldinn í húsnaði safnsins þann 19. nóvember nk. kl. 20:30. Byggðarráð tilnefni Guðnýju Helgu Björnsdóttur sem aðalmanng í stjórn og Þorleif Karl Eggertsson sem varamann í stjórn. Samþykkt að Guðný Helga Björnsdóttir fari með umboð Húnaþings vestra á fundinum og Þorleifur Karl Eggertsson til vara.
9. Formaður byggðarráðs og sveitarstjóri greindu frá heimsókn stjórnenda Fjölbautaskóla Norðurlands vestra og viðræðum þeirra við sveitarstjórnarmenn. Á fundinum kom fram að stjórnendur FNV eru reiðubúnir að vinna að stofnun framhaldsdeildar á Hvammstanga í samstarfi við sveitarstjórn Húnaþings vestra.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl.

Elín R. Línðal(sign.),
Heimir Ágústsson(sign.),

Skúli Þórðarson(sign.),
Guðný H. Björnsdóttir(sign.).

Áheyrnarfulltrúi:
Oddur Sigurðarson(sign.).